

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2015

2016/EES/69/33

frá 11. júní 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/187 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun handfarangurs⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 561 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimun handfarangurs.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/984 frá 19. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst sem fluttur er til Sambandsins.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):
„– **32015 R 0187**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/187 frá 6. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 18).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 loka-útgáfa):
„– **32015 D 0561**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 561 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimun handfarangurs.
– **32015 D 0984**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/984 frá 19. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst sem fluttur er til Sambandsins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/187, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 18.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.